


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	VID 104 - Stjórnun Kennsluáætlun vorönn 2015	
Síða 1 af 2		

Kennari	Sunna Hlín Jóhannesdóttir sunna@vma.is	Sk.st.	SUN
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun. Nemendum er kynnt gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið og að setja sér markmið til framtíðar. Viðfangsefni áfangans miða meðal annars að því að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í félags- og atvinnulífi.


Markmið:

Að nemendur fái innsýn í hlutverk, verksvið og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja einkum á sviði starfsmannastjórnunar og verkstjórnar, fái skilning á sjálfum sér sem stjórnanda og búi sig markvisst undir þátttöku í félags- og atvinnulífi.

Námsgögn: Vikulegt lesefni á Moodle

Áætlun um yfirferð:

Vika	Lesefni á kennsluvefnum Moodle	Dagar	Síðasti skiladagur á verkefnum og innleggi á umræðuvef
2	Stjórnun - ýmsar kenningar	6. janúar - 9. janúar	11. janúar
3	Mannleg samskipti	12. janúar - 16. janúar	18. janúar
4	Hvatning	19. janúar - 23. janúar	25. janúar
5	Framsál valds	26. janúar - 30. janúar	1. febrúar (Stjórnandagagnrýni)
6	Hópvinna	2. febrúar - 5. febrúar	8. febrúar
7	Stjórnun breytinga Áætlanir	9. febrúar - 13. febrúar	Setja fyrir 20% verkefni í verkefnastjórnun
8-9	Mannauðsstjórnun	16. febrúar - 27. febrúar	22. febrúar
10-11	Myndbandsverkefni	2. mars - 13. mars	15. mars (Skila myndbandsverkefni og verkefni í verkefnastjórnun)
12	Markaðsmál	16. mars - 20. mars	22. mars
13-14	Persónuþróun	23. mars - 10. apríl (páskafrí)	29. apríl
15	Markmið	13. apríl - 17. apríl	19. apríl (Smart markmið)
16-17	Tímastjórnun	20. apríl - 30. apríl	26. apríl

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ	VID 104 - Stjórnun Kennsluáætlun vorönn 2015	
Síða 2 af 2		

Verkefni:

-10 krossapróf á Moodle sem nemendur vinna í tíma og fá tvær tilraunir til að leysa: 8.1.-12.1.-19.9.-26.9.-2.2.-9.2.-16.2.-16.3.-23.3.-20.4. Prófin verða EINUNGIS opin í áður tilteknum tímum. Átta efstu prófin gilda til einkunnar.

-9 innlegg inn á umræðuvef á Moodle en nánari fyrirmæli um efni og lengd verður inn á Moodle. Einkunn fyrir innlegg á umræðuvef er gefin í bókstöfum. Algengast er að gefin sé einkunnin A sem þýðir að nemandinn hefur lesið efnið og skrifað um það á umræðuvef samkvæmt fyrirmælum kennara. Þetta samsvarar einkunn kringum 8. Einkunnin A+ er gefin hafi nemandinn greinilega lesið viðbótar efni, vitnað í það eða skrifað framúrskarandi hugleiðingu um efni vikunnar. Bókastafirnir B, C og D eru fyrir lakari skrif og E þýðir að nemandinn hafi ekki tekið þátt í umræðu. Ef nemandi hefur fengið frest á verkefnaskilum vegna sérstakra aðstæðna þá er aldrei gefin hærrí einkunn en B.

Námsmat og vægi námsþátta:

10 Krossapróf (einstaklingsverkefni)	20%
Umræðuvefur/8 verkefni (einstaklingsverkefni/hópverkefni)	22%
Stjórnandagagnrýni (einstaklingsverkefni)	12%
Myndbandsverkefni (Hópverkefni)	20%
Smart markmið (einstaklingsverkefni)	6%
Verkefnastjórnun (Hópverkefni)	20%

- Áhersla er lögð á góða mætingu, enda fer vinnan að mestu leyti fram í kennslustundum. Meðferð síma er bönnuð í tímum nema með leyfi kennara.
- Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni sbr. reglur um verkefnaskil sem gilda í áfanganum.

Dagsetning: _____

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils